



Fréttabréf Naustaskóla

2. tölublað, 8. árgangur, 2. febrúar 2015

Abyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólapúlsinn - könnun

Núna á næstu dögum mun stórum hluta foreldra við skólann berast póstur þar sem beðið verður um þátttöku í könnun á vegum Skólapúlsins. Þessi könnun er árlegur viðburður, ekki taka allir þátt á hverju ári heldur einungis þeir sem dregnir eru út í úrtaki. Því er mikilvægt að þeir sem lenda í úrtakinu bregðist vel við og taki örugglega þátt en með því fáum við afar mikilvæga aðstoð við að leggja mat á starfið í skólanum og ákveða áherslur í þróun og umbótum fyrir næstu mánuði.

Námsmöppurnar

Nú í fyrstu viku febrúar sendum við heim matsmöppurnar í þriðja skiptið í vetur. Við biðjum foreldra um að fara vel í gegnum þær með nemendum og nota einnig tækifærið til að kíkja á stöðuna á námsmarkmiðunum á mentor.is. Og svo þarf auðvitað að muna eftir að skila möppunum aftur til baka í skólann :)

SMS vegna fjarvista

Nokkrir hafa tekið eftir því að við erum nú farin að senda SMS þegar skráðar eru óheimilar fjarvistir hjá nemendum. Stundum gerist það reyndar að mætingar eru skráðar eftir, t.d. í valgreinum, og hefur það valdið misskilningi í einhverjum tilfellum. Við munum því framvegis eingöngu láta fara frá okkur sms af þessu tagi þegar fjarvistir eru skráðar um leið og þær eiga sér stað.

Kæra skólasamfélag

Lífið gengur sinn vanagang í skólanum og nú er hefðbundinn febrúarmánuður framundan með útivistardegi í Hlíðarfjalli, vetrarfríi, hundraðdagahátíð 1. bekkjar, upplestrarkeppni í 7. bekk, hæfileikakeppni nemendaráðs og öllum hinum stóru og smáu atburðunum sem setja lit á hversdaginn. Í skólastarfinu er það nefnilega þannig að það er nauðsynlegt að hafa ákveðið jafnvægi milli þess að hlutirnir gangi sinn vanagang og allt sé í góðri rútinu annars vegar, en að það séu á hinn bóginn líka uppakomur og uppbrot af ýmsu tagi til að hlakka til, halda upp á og minnst. Alveg eins og í lífinu sjálfu, enda er skólastarfið auðvitað hluti af því og kannski eins og þverskurður af lífinu, með stórum og smáum sigrum og áföllum, gleði og sorg. Enda allt til þess gert að þroska okkur og mennta þannig að við getum verið góðar manneskjur og haft áhrif til góðs. Það er verkefni febrúarmánaðar í Naustaskóla, eins og reyndar alla aðra mánuði. Því að þannig gerum við lífið dásamlegt, fyrir okkur sjálf og líka alla aðra..!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Útivistardagur í Hlíðarfjalli

Fimmtudaginn 5. febrúar 2015 er áætlað að nemendur Naustaskóla fari í Hlíðarfjall til að njóta samveru og útiveru ef veður leyfir. **(Ef ekki viðrar verður gerð önnur tilraun þann 6. febrúar)**

Þeim nemendum sem ekki geta farið í fjallið af heilsufars- eða öðrum mjög brýnum ástæðum verður boðið upp á afþreyingu í skólanum.

Nemendur mæta eins og venjulega kl. 8:10

Farið verður frá skólanum sem hér segir:

4.-10. bekkur kl. 08:20 en 1.-3. bekkur kl. 09:00

Lagt verður af stað úr Hlíðarfjalli sem hér segir:

1.-3. bekkur kl. 11:20 en 4.-10. bekkur kl. 12:00

Þegar komið er í skóla aftur verður matur samkvæmt venju en eftir það fara nemendur heim eða í Frístund, nema að kennsla verður í valgreinum í 8.-10. bekk.

Nemendur í 4.-10. bekk geta fengið lánaðan búnað endurgjaldslaut en nemendur í 1.-3. bekk geta því miður ekki fengið lánaðan búnað en er velkomið að hafa með sinn eigin búnað eða snjópotur og sleða.

Útbúnaður:

- Skíði, bretti, snjópotur, þoturassar, svartir plastpokar og sleðar eru leyfðir til fararinnar.
- Hjálmar eru nauðsynlegir! (Bent er á að hægt er að nota reiðhjólahljalma)
- Mikilvægt er að nemendur séu vel klæddir og í vel merktum fatnaði.
- Ekki gleyma snjóboxunum, vettlingunum eða húfunni.
- Nesti: nemendur komi sjálfir með hollt og gott nesti. Sjoppa er ekki opin.

Nemendur fá afhent lyftukort þegar þeir mæta á svæðið. Ef nemendur óska eftir að verða eftir í fjallinu þegar dagskrá lýkur þurfa foreldrar að hafa óskað eftir því við umsjónarkennara eða ritara skólans. Lyftukortin gilda allan daginn en skila þarf lánsbúnaði eða semja um leigu á honum. Ekki er hægt að bjóða upp á skíðakennslu en við munum aðstoða nemendur eins og kostur er.

Útivistardagurinn er með öllu gjaldfrjálts fyrir nemendur.

Kynningarmyndband um Byrjendalæsi

Eins og flestir vita er Byrjendalæsi ráðandi kennsluaðferð í yngri bekkjunum hjá okkur. Því er rétt að minna á að á netinu má finna góða kynningarmynd um Byrjendalæsi sem gaman og fróðlegt gæti verið fyrir foreldra að skoða. Nálgast má myndbandið á slóðinni:

<https://www.youtube.com/watch?v=I45INe5nH-k>





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Febrúar 2015


Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1.	2. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og smjör. Ávextir. Opin vika Matsmöppur sendar heim í vikunni	3. Hakkabuff, kartöflur og brún sósa. Salatbar. Ávextir. Opíð hús 8-10b	4. Ofnbakaður fiskur í blaðlaukssósu, hrísgrjón og salat. Ávextir.	5. Steiktur kjúklingur, hrísgrjón og tómát-kryddressing. Ávextir. Útivistardagur í Hlíðarfjalli	6. Skýr, brauð og álegg. Salatbar. Ávextir. Hundrað daga hátíð hjá 1. bekk Dagur stærðfræðinnar	7.
8.	9. Ofnbakaður fiskur í ostasósu, hrísgrjón og gúrka. Ávextir. Smiðjuskil hjá 4.-7.b	10. Kjötballur, kartöflur, grænar baunir og lauk-sósa. Ávextir. Opíð hús 8-10b	11. Steiktur fiskur, kartöflur, rækjuostasósa. Salatbar. Ávextir.	12. Lambapötréttur, hýðishrísgrjón og salat. Ávextir. Hæfileikakeppni nemendaráðs	13. Pastaréttur og snittubrauð. Salatbar. Ávextir. Slæmur hárdagur	14.
15.	16. Fiskibollur, hrísgrjón, salat og sólskinsdressing. Ávextir. Bolludagur	17. Saltkjöt og baunir. Salatbar. Sprengidagur Opíð hús 8-10b	18. Óskudagur VETRARFRÍ (Frístund opin) (Pylsa með öllu. Ávextir.)	19. VETRARFRÍ (Frístund opin) (Ofnbakaður salsafiskur, kartöflubátar og gúrka. Ávextir.)	20. VETRARFRÍ (Frístund opin) (Hrísgrjónagrautur og ostabrauð. Ávextir.)	21.
22.	23. Svikinn héri, kartöflugratin, piparsósa og gúrka. Ávextir.	24. Snakkfiskur. Salatbar. Ávextir. Opíð hús 8-10b	25. Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir. Upplestrarkeppni 7. b	26. Fiskipötréttur, hrísgrjón og paprika. Ávextir.	27. Blómkálssúpa og brauð. Salatbar. Ávextir. Hvítur dagur	

Opin vika

Fyrsta vika febrúar er önnur vikan í vetur þar sem foreldrar eru sérstaklega hvattir til að kíkja við í skólanum og kynna sér starfið. Ekki er um neina sérstaka dagskrá að ræða heldur einmitt hugmyndin að hægt sé að fylgjast með venjulegu skólastarfi í Naustaskóla eins og það gengur fyrir sig í dagsins önn..

Bækur óskast á bókasafnið!!

Smátt og smátt höldum við áfram að byggja upp bókakostinn á bókasafninu okkar og það potast áfram með hverju árinu sem líður. Nú um daginn vorum við að kaupa inn töluvert af nýjum bókunum sem komu út fyrir jólin og því orðið órlítið meira til að velja úr. Hins vegar þiggjum við alltaf með þökkum þegar okkur berast bókagjafir og gott getur verið að eiga mörg eintök af mörgum bókum sem eru endalaust vinsælar eins og t.d. Skúla skelfi, Kidda klaufa og fleiri seríum sem mikil eftirspurn er eftir. Þannig að ef það liggja nú uppi í hillu á heimilum ónotaðar bækur engum til gagns þá má alltaf íhuga hvort þær kæmu að meira gagni á bókasafninu !!



Við minnum á vetrarfrí nemenda sem verður dagana 18.-20. febrúar. (Frístund er opin í vetrarfríinu fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir)